

Móttekið hjá **RSK**

12 sep. 2017

Fyrirtækjaskrá

Lindarhvoll ehf.

Kt 670416-0460

Ársreikningur 2016

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---------------------------------|------|
| Skýrsla og áritun stjórnar..... | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda..... | 4 |
| Rekstrarreikningur..... | 6 |
| Efnahagsreikningur..... | 7 |
| Yfirlit yfir sjóðstreyml..... | 8 |
| Skýringar..... | 9 |

Skýrsla og áritun stjórnar

Ríkissjóður Íslands stofnaði félagið Lindarhvol ehf. til að annast umsýslu, fullnustu og sölu tiltekinna verðmæta sem Seðlabanki Íslands tók á móti í tengslum við stöðugleika-framlagseignir slitabúa bankanna, sbr. 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III við lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Í stjórn félagsins, skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðherra, eru: Pórhallur Arason formaður, Ása Ólafsdóttir, Haukur C. Benediktsson og varamennirnir Esther Finn bogadóttir og Sigurbjörn Einarsson.

Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, gerði samning þann 29. apríl 2016 við Lindarhvol ehf. um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna aðrar en eignarhlut í Íslandsbanka hf. og laust fé. Í framhaldi af samningi við fjármála- og efnahagsráðherra yfirtók Lindarhvoll ehf. framkvæmd á fullnustu samninga slitabúa bankanna við Seðlabanku Íslands. Áherslur ríkissjóðs í tengslum við umsýslu, fullnustu og sölu félagsins á stöðugleikaframlagseignum er að hámarka verðmæti eignanna f.h. ríkissjóðs, lágmarka eins og unnt er kostnað við umsýslu þeirra og leggja áherslu á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni í starfsemi sinni. Lindarhvoll ehf. hefur að öllu leyti fullnægt þeim meginmarkmiðum, sem sett voru í samningnum við fjármála- og efnahagsráðherra, um að félagið skuli hámarka verðmæti eignanna, lágmarka kostnað við umsýslu eignanna og flýta sölu þeirra og endurheimtum eins og kostur er.

Bókfært virði stöðugleikaframlagseigna í umsjón Lindarhvols ehf. við upphaf starfsemi félagsins nam samtals riflega 162.092 M.kr.

| | M.kr. |
|---|----------------|
| Samtals bókfært virði stöðugleikaframlagseigna í upphafi | 384.304 |
| Bókfært virði eignarhluts í Íslandsbanka hf. | -184.771 |
| <u>Greiðslur á stöðugleikaframlagsreikning til 29. apríl 2016</u> | <u>-37.441</u> |
| Samtals stöðugleikaframlagseignir í umsjón Lindarhvols ehf. | 162.092 |
| Þ.a. skuldabréf útgefíð af Kaupþingi ehf. | 84.000 |
| Þ.a. afkomuskiptasamningur vegna Arion banka hf. | 19.500 |
| Innborganir inn á stöðugleikaframlagsreikning á árinu 2016 | 79.075 |
| <u>Vaxtatekjur af stöðugleikaframlagsreikningi</u> | <u>587</u> |
| Samtals innborganir inn á stöðugleikaframlagsreikning | 79.662 |
| Ráðstafað til ríkissjóðs | 79.500 |
| <u>Rekstrarframlag til Lindarhvols ehf.</u> | <u>-73</u> |
| Staða á stöðugleikaframlagsreikningi í árslok 2016 | 89 |

Kostnaður félagsins sem hlutfall af stöðugleikaframlagseignum í umsjón félagsins nam, 0,05%.

Stjórn Lindarhvols ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík 26. maí 2017.

Pórhallur Arason
Pórhallur Arason, formaður

Ása Ólafsdóttir
Ása Ólafsdóttir

Haukur C. Benediktsson
Haukur C. Benediktsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lindarhvols ehf.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Álit.

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lindarhvols ehf. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreyml, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016 og sé í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð mín er samkvæmt þeim stöðlum sem nánar er lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Ég er óháður féluginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að ég hafi við endurskoðunina aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum.

Stjórn félagsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn ábyrg fyrir að meta rekstrarhæfi félagsins.

Ef við á, skal stjórn setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn hafi ákveðið að leysa félagið upp, hætta starfsemi eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórm skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins.

Markmið mitt er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit mitt. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákváðanatoku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.


Endurskoðun mín er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, byggir á faglegri dómgreind og beiði ég faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina.

Ég framkvæmdi einnig eftirfarandi:

- Greindi og mat hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hannaði og framkvæmdi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og aflaði endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Aflaði skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Lagði mat á hvort reikningsskilaðferðir sem notaðar eru og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktadí um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og mat á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef ég tel að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningslins í áritun minni. Ef sílikar skýringar eru ófullnægjandi þarf ég að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Mat í heild sinni, hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, mat framsetningu, uppyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Mér bar skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun minni, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við átti.

Ríkiendurskoðun, 21. maí 2017


Sigurður Þórhарson,
settur ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur ársins 2016

| | Skýring | 2016 |
|------------------------------------|----------------|-----------------|
| Rekstrartekjur | 10 | 73.083 |
| Rekstrarkostnaður | 7 | (56.546) |
| Stjórnarlaun | 5 | (14.097) |
| Endurskoðun | 6 | (2.526) |
| | | (73.169) |
| Rekstrarhagnaður (tap) | | (86) |
| | | |
| Fjármunatekjur | 108 | |
| Fjármagnstekjuskattur | (22) | |
| Hagnaður (tap) ársins | | 0 |
| | | 0 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

| Eignir | Skýring | 31.12.2016 |
|----------------------------|----------------|-------------------|
| Veltufjármunir | | |
| Viðskiptakröfur | 10 | 17.028 |
| Handbært fé | 4 | 21.633 |
| Eignir | | 38.661 |
| <hr/> | | |
| Eigið fé og skuldir | | |
| Eigið fé | 8 | |
| Hlutafé | | 30.000 |
| Hagnaður ársins | | 0 |
| Eigið fé | | 30.000 |
| <hr/> | | |
| Skammtímaskuldir | | |
| Skammtímaskuldir | 9 | 8.661 |
| | | 8.661 |
| <hr/> | | |
| Eigið fé og skuldir | | 38.661 |
| <hr/> | | |

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

| Rekstrarhreyfingar | 2016 |
|---|----------------|
| Rekstrarhagnaður | 0 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir | (17.028) |
| Rekstrartengdar skuldir | 8.661 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | (8.367) |
| Fjármunatekjur | 108 |
| Fjármagnstekjuskattur | (22) |
| Handbært fé frá rekstri | (8.367) |
| Hækjun handbærs fjár | (8.367) |
| Handbært fé í upphafi árs | 30.000 |
| Handbært fé í lok árs | 21.633 |
| Aðrar upplýsingar | |
| Veltufé frá rekstri | (86) |

Skýringar

1. Almennar upplýsingar.

Lindarhvoll ehf. starfar á grundvelli laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess að annast umsýslu, fullnustu og sölu á eignum ríkissjóðs, mótteknum sbr. 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabírgða III við lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna.

Ársreikningur Lindarhvols ehf. fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

3. Innlausn tekna.

Samkvæmt 5. gr. samnings fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. dags. 29. apríl 2016 er kveðið á um að kostnaður við úrvinnslu og ráðstöfun stöðugleikaframlagseigna skuli greiddur af söluvirði þeirra.

Tekjur af veitri þjónustu eru færðar í rekstrarrekning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er.

4. Handbært fé.

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymsfirliti samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

5. Stjórnarlaun.

Ákvörðun um greiðslu stjórnarlauna var tekin af eina hluthafa Lindarhvols ehf., Ríkissjóði Íslands og tilkynnt félaginu með bréfi:

| | 2016 |
|-----------------------|--------------|
| Stjórnarlaun..... | 12.150 |
| Launatengd gjöld..... | 1.947 |
| Samtals | <hr/> 14.097 |

6. Endurskoðun.

| | |
|-------------------------------|-------------|
| Endurskoðun ársreiknings..... | 1.170 |
| Annað..... | 1.356 |
| Samtals | <hr/> 2.526 |

Skyringar

7. Rekstrarkostnaður.

Með samningi, dags. 28. apríl 2016, fóli stjórn Lindarhvols ehf. lögmannsstofunni Íslög ehf. að annast m.a. þjónustu vegna umsýslu, fullnustu og sölu, á þeim stöðugleikaframlagseignum sem voru í umsjá félagsins.

| Rekstrarkostnaður greinist þannig: | 2016 |
|---|---------------|
| Aðkeypt þjónusta skv. samningi..... | 38.839 |
| Virðisaukaskattur skv. samningi..... | 9.319 |
| Umsýslukostnaður vegna sölu og fullnustu eigna..... | 3.985 |
| Rekstrarkostnaður vegna dómsmála slitabúa..... | 3.385 |
| Vörslugjöld..... | 1.018 |
| Samtals | 56.546 |

8. Elglöf fé.

| | |
|-----------------------|---------------|
| Hlutafé 1.1.2016..... | 30.000 |
| Hagnaður ársins..... | 0 |
| Elglöf fé 31.12.2016 | 30.000 |

9. Skammtímaskuldir.

| | |
|-----------------------|--------------|
| Aðkeypt þjónusta..... | 5.190 |
| Vörslugjöld..... | 194 |
| Opinber gjöld..... | 751 |
| Endurskoðun..... | 2.526 |
| Samtals | 8.661 |

10. Viðskiptakröfur

Í árslok 2016 var ógreiddur kostnaður til félagsins að fjárhæð 17.028 þús. kr. færður sem viðskiptakrafa í efnhagsreikningi.